

250. fundur Skólanefndar FS

9. apríl 2002



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Ellert Hlöðversson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kynning á nýju kerfi fyrir nemendabókhalð og fjarvistaskráningu - INNA.
 2. Samstarf grunn- og framhaldsskóla á Suðurnesjum.
 3. Innritun nýnema vegna haustannar.
 4. Önnur mál.

1. Kynning á nýju kerfi fyrir nemendabókhalð og fjarvistaskráningu - INNA.

Skólameistari kynnti skólakerfið INNU sem tekið var í notkun s.l. haust. Um er að ræða miðlægan gagnagrunn sem unnið er í gegnum Netið. Kerfið gerir því alla upplýsingagjöf til kennara, nemenda og forráðamanna auðveldari.

2. Samstarf grunn- og framhaldsskóla á Suðurnesjum.

Skólameistari kynnti samstarf skólans við grunnskóla á svæðinu og sagði m.a. frá kennslu í ensku og stærðfræði fyrir nemendur í 10. bekk, stærðfræðikeppni grunnskólanemenda og kynningu í grunnskólum. Þá lýsti skólameistari áhuga sínum á að auka þetta samstarf með því að efla SkóSuð, félag skólastjórnenda á Suðurnesjum. Nefndarmenn tóku undir þetta og fólu skólameistara að skrifa stjórnendum grunnskólanna og kanna áhuga þeirra á að taka upp frekara samstarf. Einnig rætt um kynningu á skólanum í grunnskólum.

3. Innritun nýnema vegna haustannar.

Skólameistari sagði frá innritun nýnema sem fer fram 10. og 11. júní. Hann kynnti einnig yfirlit yfir fjölda nemenda í grunnskólum og spá um fjölda nýnema á næstu árum.

4. **Önnur mál.**

- a) Skólameistari sagði frá innbroti í skólann en 9 fartölvum var stolið.
- b) Skólameistari sagði frá horfum í starfsmannamálum fyrir næsta skólaár.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Námskynningar skólaárið 2001-2002

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur boðið grunnskólunum á svæðinu upp á námskynningar á haustönn þar sem lögð hefur verið áhersla á inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Þetta hefur tíðkast undanfarin ár og hafa flestir skólarnir nýtt sér þetta. Yfirleitt höfum við farið í 10. bekkina en við förum einnig í 9. og jafnvel 8. bekki ef þess er óskað. Fundirnir hafa oftast verið á skólatíma en við höfum einnig farið á nokkra kvöldfundi með foreldrum.

Eins og áður sagði þá hefur aðal áherslan verið lögð á að kynna inntökuskilyrðin en við höfum líka kynnt fyrir nemendum helstu námsbrautir í skólanum og uppbyggingu áfangakerfis. Þetta hefur verið gert með því að sýna glærur og segja frá, útskýra og svar spurningum nemenda. Nemendur hafa fengið afhent bókamerki skólans með vefslóð hans og aðra slóð sem talin er koma að gagni við ákvörðun um nám og störf. Að lokum þá skiljum við eftir ljósritaða möppu þar sem fram koma upplýsingar um allar námsleiðir í skólanum. Höfum við lagt til að mappan ásamt nýlegum bæklingi sem skólinn gaf út síðast liðið vor séu geymd á bókasafni viðkomandi skóla þar sem allir nemendur geti haft aðgang að þessum upplýsingum.

Á vorönn höfum við boðið 10. bekkingum að koma í heimsókn hingað í Fjölbraut. Skólarnir hafa getað valið tíma í samráði við námsráðgjafa. Í þessum heimsóknum hefur nemendum yfirleitt verið skipt í tvo hópa og síðan gengið um skólann, verknámið heimsótt og kíkt inn í nokkrar bóknámsstofur. Í lokin hafa síðan allir hist upp á sal þar sem námsráðgjafi ræðir lítillga við hópinn, rifjar upp inntökuskilyrðin og svarar spurningum. Þetta er mjög stutt því síðastur á dagskrá er formaður nemendaráðs sem fræðir nemendur um félagslífið í skólanum. Að því loknu fá nemendur frjálsan tíma þar sem þeir geta skoðað sig um í skólanum. Nú á vordögum höfum við fengið beiðni um að koma og kynna inntökuskilyrðin og helstu námsleiðir fyrir nemendum í 9. bekk í Heiðarskóla og 8. og 9. bekk í Grindavík en þau eru farið að huga að valgreinum í grunnskólanum.

Námsráðgjafi, Elín Rut Ólafsdóttir hefur að mestu séð um kynningar en Kristján Ásmundsson kennari hefur einnig tekið þátt í þessari vinnu. Varðandi heimsóknir 10. bekkinga í FS þá hafa þeir Björn Sturlaugsson og Þorvaldur Sigurðsson komið námsráðgjafa til aðstoðar ef um stóra hópa er að ræða.

Fjölbrautaskólinn hefur undanfarin tvö ár staðið fyrir námskynningu fyrir nemendur skólans þar sem framhaldsnám, nám á háskólastigi er kynnt. Til að reyna að höfða sem best til nemenda þá höfum við fengið "gamla" FS-inga sem eru í námi eða hafa nýlokið námi til að kynna það nám eða starf sem þeir hafa menntað sig til. Þetta fyrirkomulag var m.a. hugsað til að reyna að efla metnað nemenda og trú á skólanum sínum. Þarna sjá þau fólk sem hefur lokið námi hér og stundar nú nám t.d. í læknisfræði, verkfræði, tæknifræði og fleiri greinum og spjarar sig bara vel !!

Keflavík 9. apríl 2002

Elín Rut Ólafsdóttir

				Byggt á nemendatölum Hagstofu Íslands fyrir grunnskóla á Suðurnesjum 2001 (í mars 2002)									
				2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Heiðarskóli													
Reykjanesbær	474	238	236	59	44	59	44	43	43	51	52	43	36
Holtaskóli	441	233	208	49	42	51	44	40	46	50	39	52	28
Myllubakkaskóli	389	205	184	33	29	43	39	39	37	42	49	41	37
Njarðvíkurskóli	437	242	195	36	53	42	56	47	32	46	43	47	35
Grunnskóli Grindavíkur	408	206	202	38	56	41	51	36	44	29	39	38	36
Grunnskólinn í Sandgerði	269	140	129	17	27	26	37	24	23	32	24	29	30
Gerðaskóli	219	114	105	22	22	25	20	21	23	24	24	21	17
Stóru-Vogaskóli	165	84	81	17	19	14	18	21	18	11	22	14	11
				271	292	301	309	271	266	285	292	285	230
				41	62	71	79	41	36	55	62	55	
				37	55	63	71	36	32	49	54	50	90%
			30	44	50	57	29	26	39	43	40		80%
		22	33	38	43	22	19	29	32	30			60%
	19	28	32	36	18	16	25	27	25				50%
	Viðbót frá hausti 2003.			195	228	228	223	159	165	177	156	105	
	2006 gætu verið um 170 fleiri í skólanum en haustönn 2002												